

1. kafli

„Góðir farþegar, eftir skamma stund lendum við á flugvellið í Róm. Við biðjum ykkur vinsamlegast að festa sætisólarnar. Flugstjórinn og áhöfn hans þakka ykkur fyrir samfylgdina og bjóða ykkur velkomin aftur.“

Úlrika teygði sig fram og reyndi að sjá út um gluggann.

„En spennandi, má ég sjá? Sjáðu, þarna er flugvöllurinn. Geggjað!“ hrópaði hún.

Ramónu fannst þetta ekkert geggjað. Henni fannst það ömurlegt. Þetta var fyrsta flugferðin hennar og hún fann það á sér að hún yrði líka sú síðasta. Flugferðin hafði verið hræðileg. Mikil ókyrrð var í loftinu og Úlrika hafði bara setið þarna og hlegið og sagt „geggjað“ í hvert skipti sem flugvélin hossaðist.

Þessa stundina hataði hún Úlriku. Hvers vegna hafði öll þessi ókyrrð engin áhrif á hana? Fannst henni ekki að hún þyrfti að gubba í hvert sinn sem gólfið virtist hverfa undan fótum þeirra?

Og nú ... nú sat Úlrika þarna og þrýsti sér að glugganum til að sjá út og Ramóna komst ekki hjá því að sjá jörðina þarna lengst niðri.

Ég hata þetta, hugsaði Ramóna. Væri ferðinni ekki heitið til Pompei til að skoða rústirnar tæki hún lestina heim um leið og vélin lenti.

„Sjáðu, Ramóna, Sjáðu hvað bílarnir eru litlir. Vá, en geðveikt!“ sagði Úlrika.

„Fyrirgefðu, en þú verður að festa sætisólina. Við förum að lenda.“

Ramóna sneri sér við og sá að vingjarnleg flugfreyja lagði höndina á öxl Úlriku.

Guði sé lof, hugsaði Ramóna, þegar Úlrika hallaði sér aftur í sætinu og spennti sætisólina. Nú getur hún alla vega ekki ýtt mér út um gluggann.

Ramóna hallaði sér aftur og bak og reyndi að sýnast róleg en hugur hennar var í uppnámi. Hún beið óróleg eftir að vélin lenti. Hún vissi að flugtak og landingu eru hættulegust. Þá urðu flest slysin. Hvað ef vélin hrapaði? Hvað ef flugmönnum tækist ekki að stöðva hana á flugbrautinni?

Ramóna sat stjörf og beið eftir skellinum.

„Sjáðu, við erum alveg að lenda. Geðveikt!“ hrópaði Úlrika.

Úlrika hallaði sér eins langt í áttina að glugganum og sætisólin leyfði.

Ég verð vitlaus á þessu „geðveikt“. Ef hún hættir þessu ekki kyrki ég hana, hugsaði Ramóna. Hvað ef þeir geta ekki hemlað, hvað ef ...? Ramóna lokaði augunum og beið eftir slysinu.

Ískur í dekkjum staðfesti að vélin væri að lenda og Ramóna fann dálítinn hnykk.

Vélin hægði á sér og þá fyrst veitti Ramóna því athygli að bekkjarsystkini hennar, sem sátu allt í kring, hrópuðu og klöppuðu. Hún opnaði augun og leit yfir ganginn. Ætli þau hafi líka verið hrædd? Var það þess vegna sem þau hrópuðu og klöppuðu? Ramóna sá að Úlrika horfði brosandí á hana og hún brosti á móti.

„Þetta gekk vel,“ sagði Ramóna fegin, „eins og í sögu!“

Síðan seig hún örþreytt lengra niður í sætið.

„Nú höldum við öll hópinn, ekki hlaupa burt!“

Ramóna heyrði að Elísabet kennari kallaði á krakkana. Hún vorkenndi henni næstum því. Elísabet hrópaði í sífellu til að halda hópnum saman. Elísabet var þó ekki alveg ein. Þrír foreldrar voru með til að hjálpa henni. En hún bar ábyrgð á krökkunum.

Ramóna sá hvernig félagar hennar hlupu fram og aftur eins og hauslausar hænur. Þeir voru áreiðanlega jafn fegnir og hún að losna úr flugvélinni. En fætur hennar voru þungir sem blý og hún hafði enga löngun til að hlaupa.

„Komdu, flýttu þér!“ sagði Úlrika. Hún þreif í Ramónu og tróðst gegnum mannfjöldann.

„Hvað er eiginlega að þér í dag?“ spurði hún.

„Ekkert, ég er bara svolítið þreytt“, sagði Ramóna.

Maginn var í ólagi og fætturnir vildu ekki hætta að skjálfa. Það var eins og þeir væru úr hlaupi. Að öðru leyti var allt í lagi, fínu lagi.